

Garðabær 20. janúar 2017

Berist til

Margrét Björk Svavarsdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar

Katrín Friðriksdóttir, deildarstjóri skóladeildar

Kennsluráðgjafar í grunnskólum Garðabæjar óska eftir endurröðun í launatöflu. Í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands, sem gildir frá 1. júní til 31. mars 2019, kemur fram að starfsmenn á skólaskrifstofum (kennsluráðgjöfum, sérkennslufulltrúum) eigi að raða í launaflokk eftir álagi, umfangi og ábyrgð í starfi.

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á starfi kennsluráðgjafa án þess að endurmat hafi átt sér stað á röðun í launatöflu. Umfang starfsins og álag hefur aukist mjög m.a. vegna eftirtalinna atriða:

- Tölvu umsjónarmenn fluttir úr skólunum og dagleg notendapjónusta hvílir meira á kennsluráðgjöfum
- Bilanagreining, samskipti við tölvudeild og beiðnakerfi
- Spjaldtölvur og snjalltæki komin inn í skólana og umsýsla með þeim
- Stafræn símkerfi
- BYOD og eigin tæki nemenda og starfsmanna
- Eignaskrá og umsjón með öllum öðrum búnaði en tölvum s.s. skjávörpum, hátölurum, skjalamyndavélum o.s.frv.
- Samræmd próf rafræn (rafræn próf)
- Aðstoð vegna skemmtana, fyrirlestra og funda í samkomusal og umsýsla með tækjum
- Vefstjórn fyrir vef skólans og samfélagsmiðla
- Upplýsingaskjái
- Kerfisstjórn fyrir námsumsjónarkerfi Mentor og Námfús
- Aðstoð við starfsfólk skólans vegna innleiðingar á nýjum kerfum (prentarar, símar)
- Taka myndir og myndbönd af skólastarfinu og birta á vef og samfélagsmiðlum
- Bera ábyrgð á öllum tæknimálum skólans og vera tiltæk ef eitthvað virkar ekki

Á grundvelli þessa teljum við tímabært að kjör okkar verði bætt. Álag, umfang og ábyrgð hefur aukist en kjörin hafa ekki fylgt með.

*Virðingarfyllt*

*Kennsluráðgjafar grunnskóla Garðabæjar*

Elísabet K. Benónýsdóttir kennsluráðgjafi í Hofstaðaskóla

Eygló Sigurðardóttir kennsluráðgjafi í Sjálandsskóla

Hildur Rudolfsdóttir kennsluráðgjafi í Garðaskóla

Ingibjörg Jónsdóttir kennsluráðgjafi í Álftanesskóla

Kolbrún Svala Hjaltadóttir kennsluráðgjafi í Flataskóla